

Kópavogi, 13. desember 2018.

Fundur í fagráði náms- og gæðamats

Efni fundar: Fundur með fagráði náms- og gæðamats

Fundarmenn: Fjóla Þorvaldsdóttir, Hjördís Albertsdóttir, Þóroddur Helgason og Jón Páll Haraldsson. Anna Lind Pétursdóttir boðaði forföll. Starfsmenn MMS voru Sverrir Óskarsson, Guðrún Birna Einarsdóttir og Nói Kristinsson. Sigurgrímur Skúlason, Inga Úlfisdóttir og Henryr Þór Baldursson komu inn á fundinn undir tilteknum liðum.

Fundarritari: Sverrir Óskarsson

Dagskrá fundar:

1. Starfshópur um samræmd könnunarpróf
2. Mælaborð í Skólagátt
3. Skýrslugrunnur
4. Umræða um réttmæti

Farið yfir fundargerð síðasta fundar og hún samþykkt.

Sjá síðustu fundargerðir hér: <https://mms.is/fagrad-um-nams-og-gaedamat>

Kynning á prófagerð og réttmæti

Kynning frá Ingu og Sigurgrími á prófagerð og prófaferli. Þá var farið yfir mat á því hvernig samræmd könnunarpróf eru gerð með hliðsjón af hæfnimarkmiðum aðalnámskrár. Umræður um málefnið. Glærur frá Ingu verða sendar fundarmönnum.

Rætt um stuðningsúrræði í samræmdum könnunarprófum. Spurt er hvort unnt sé að veita öllum aðgang að prófum með hljóðskrá. Menntamálastofnun stefnir að þessu en ákveðnir hnökrar felast í því að sumir skólar ráða ekki við mikið gagnamagn. Umræða um málefnið og talið mikilvægt að halda áfram á þessari braut.

Starfshópur um samræmd könnunarpróf – sagt frá starfi hópsins

Sverrir sagði frá starfi hópsins. Ekki komnar tillögur en von á áfangaskýrslu. Nefnt að starfshópurinn sé að skoða lagalega þætti, samanburð við önnur lönd og ýmsa fleiri þætti. Hafa verið haldnir fundir með ýmsum aðilum og margir gestir komið á fund starfshópsins. Gert ráð fyrir að starfinu ljúki í febrúar 2019. Hópurinn er að vinna með ákveðnar tillögur en ekki rétt að skýra nánar frá þeirri vinnu á þessu stigi.

Rætt um mikilvægi þess að samræmd könnunarpróf nýtist sem leiðsagnaráhersla og haldið verði áfram að þróa prófin. Umræða um að fólk vilji ekki losna beint við prófin heldur sé mikilvægt að breyta þeim og þróa frekar. Fólk vilji sjá ákveðna breytingu á framkvæmd.

Rætt um hvernig verði farið með birtingu prófatriða og ennfremur söfnun prófatriða í prófabanka. Jafnframt fjallað um þá staðreynd að rannsóknir á samræmdum könnunarprófum á Íslandi séu mjög fáar.

Kynning á mælaborði Skólagáttar vegna samræmdra könnunarprófa

Guðrún Birna segir frá mælaborði Skólagáttar og hvernig hæfnieinkunir, raðeinkunnir og hlutföll birtast. Þetta er nýtt mælaborð sem stendur skólastjórum til boða. Segir frá því hvernig hægt er að færa gögn yfir í töflureikni (Excel) og prenta út myndir. Sýnir hvernig er hægt að skoða eftir skólum og eins eftir bekkjum. Jafnframt að sjá samanburð við niðurstöður fyrir allt landið innan hverrar námsgreinar. Þá er hægt að sjá hvern nemanda og stöðu hans í hverjum námsþætti innan námsgreina.

Rætt um hvernig Skólagáttinni er aðgangsstýrt og að mikil vinna hafi verið kringum það, í samræmi við persónuverndarlög.

Fram kemur hjá Þóroddi að hann nálgist gögnin með því að vinna áfram með gögn hvers skóla og eigi þétt samstarf við skólastjóra á sínu svæði. Það er lyklatríði að hugsa þetta út frá nemandanum og veita honum endurgjöf.

Nói nefnir mikilvægi þess að öllum nemendum sé leyft að þreyta próf og að skólastjórar þurfi ekki að upplifa pressu eða að það sé mjög neikvætt að leyfa öllum að taka þátt. Þessi umræða um meðaltal og áherslu á að dæma skóla er starfsmönnum MMS ekki að skapi. Sagt frá nýjum áherslum í samskiptum við fjölmiðla og skýrari upplýsingum um hversu varhugavert er að bera saman skóla á yfirborðskennan hátt.

Mjög áhugaverð ábending kemur fram um hvort sveitarfélögin geti skoðað heildarmyndina og er Menntamálastofnun hvött til að skoða frekar hvort slíkt sé möguleiki.

Jón Páll hefur verið að vinna með mælaborð Skólagáttar. Hann segir að mikil hamingja ríki með mælaborðið og hann heyri að skólastjórar séu afskaplega glaðir með þetta.

Samhliða umræðu um samræmdu könnunarprófin og mælaborðið er rætt um Lesfimiþrófin. Fram kemur að foreldrar séu mjög ánægðir með þau. Nýta vel niðurstöður prófanna sem hefur leitt til aukningar lesturs yfir sumarmánuðina.

Skýrslugrunnur MMS

Nói segir frá skýrslugrunni MMS og hvaða gögn birtast þar. Þær niðurstöður sem þar birtast eru í samræmi við 10. grein reglugerðar um samræmd könnunarpróf en MMS er ætlað að birta ákveðnar upplýsingar. Sjá hér: <https://skyrslur.mms.is/>

Mikið af gögnum eru í grunninum, allt að því 10 ára gömul.

Nói fer yfir hvernig unnið er með gögnin. Ekki eru birt gögn vegna skóla sem eru með 10 nemendur eða færri í árgangi. Nú eru gögnin tilbúin í skýrslugrunninum og öllum velkominn að skoða þau (sjá skyrslur.mms.is). Þar er uppfærður texti og varnaglar af hálfu MMS um hvernig nota beri gögnin. Það er umtalsvert betri texti með skýrslugrunninum og nákvæmari upplýsingar um gögnin. Þá eru einnig skýrari varnaglar af hálfu MMS um hvernig beri að nota gögnin (t.d. segir: Mikilvægt er að hafa fyrirvara á túlkun niðurstaðna því stærð skóla, þáttökuhlutfall, félagslegur bakgrunnur, námsforsendur, sértækir erfileikar nemenda við að þreyta próf og fleiri þættir geta haft áhrif á niðurstöður. Samræmd könnunarpróf eru frábrugðin öðru námsmati í grunnskólum að því leyti að allir nemendur á landinu þreyta sama prófið og niðurstöður gefa því annað sjónarhorn á stöðu nemenda.)

Verið er að skoða möguleika þess að birta gögnin í Power BI en þá er hægt að vera með ítarlegri greiningar og auk þess er auðveldara að vinna með gögnin þar.

Farið yfir skýrslu um fyrirlögn prófa í 9. bekk á árinu 2018

Sagt stuttlega frá aðdraganda rafrænna prófa og eins sagt frá fyrirlögn prófanna í mars, maí og september 2018. Nefnt að sú nýbreytni að hafa kynningarpróf í fullri lengd í öllum námsgreinum hafi gefist vel.

Farið yfir skýrsluna og sagt frá fyrirlögn prófanna. Ákveðið að skýrslan verði send fundarmönnum fyrir næsta fund.

Næstu fundir – framhald

Áætlað að fundað verði næst í mars 2019.

Umræður um efni næsta fundar, tillögur voru m.a. um

- a) Lesfimiþrófin – hvað er framundan?
- b) Niðurstæða starfshópsins.
- c) Spjall skólafólks – löngun til að vita og sjá meira um framtíðarsýn, t.d. aðlöguð próf og fleira.
- d) Matsviðmið.

Fundarmenn munu senda frekari tillögur fyrir næsta fund ef þeir vilja.

Ákveðið að næsti fundur verði a.m.k. einn og hálfur tími.

Undirskrift/ upphafsstafir fundarritara: SÓ